

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1175**2022/EES/10/71**

frá 16. júlí 2021

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á fjölalkóhóli í tiltekið orkuskert sælgæti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 18. desember 2018 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á fjölalkóhóli sem sætuefni í orkuskert sælgæti (brjóstsykur og sleikibrjóstsykur), mjúkt sælgæti (seigt sælgæti, ávaxtahlaup og frauðsykurvörur/sykurpúðar), lakkrís, núggat og marsipan; bragðsterkar hálstöflur, sem gefa frískandi andardrátt og smátöflur sem gefa frískandi andardrátt. Þessi umsókn var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Fjölalkóhól er sætuefni með fáum hitaeiningum og getur að hluta til eða að öllu leyti komið í stað hitaeiningaaudugs sykurs í tilteknu sælgæti. Þetta leiðir til þess að hitaeiningainnihald þess minnkar og neytendum bjóðast orkuskertar vörur í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008. Samsett notkun fjölalkóhóls og sykurs í orkuskert sælgæti gefur vörunum sætt bragð og tilætlaða virkni og skynmatseinkenni sem nást ekki með öðrum innihaldsefnum eða með því að nota fjölalkóhól eitt og sér.
- 5) Takmörkuð notkun á fjölalkóhóli sem sætuefni er talin ásættanleg í matvæli að því tilskildu að hægðalosandi verkun þess sé tekin með í reikninginn ⁽³⁾. Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er alla jafna ekki heimilt að nota fjölalkóhól í drykkjarvörur vegna hugsanlegra hægðalosandi áhrifa þess. Þegar fjölalkóhól er notað í matvæli í föstu formi, s.s. sælgætið sem umsóknin varðar, er þó ólíklegt að það valdi óæskilegum hægðalosandi einkennum ef neysla á því er undir 20 g af fjölalkóhóli á dag frá öllum gjöfum ⁽⁴⁾. Þess vegna er notkun þess þegar leyfð með reglugerð (EB) nr. 1333/2008, eftir þörfum í matvælaflökki 05.2 „Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“, m.a. í þeim tilgangi að koma í stað sykurs í vörum án viðbættis sykurs. Tillögð rýmkun á notkun varðar einungis útskipti á hluta af sykrunum í sömu vörutegundum og af þessum sökum verður fjölalkóhólið notað í magni sem er ekki tengt óæskilegum hægðalosandi einkennum.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að slík uppfærsla hafi áhrif á heilbrigði manna. Leyfi fyrir notkun fjölalkóhóls sem sætuefni í orkuskert sælgæti ásamt þegar leyfðri notkun þess í sælgæti án viðbættis sykurs

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 256, 19.7.2021, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 327/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtuð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

(3) Skýrsla vísindanefndarinnar um matvæli varðandi sætuefni (SCF, 1984), „Opinion of the Scientific Committee on Food on Erythritol (opinion of 5 March 2003)“.

(4) Skýrsla vísindanefndarinnar um matvæli varðandi sætuefni (álit sett fram 11. desember 1987 og 10. nóvember 1988).

telst vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar. Til að tryggja að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar verða merkimiðar matvæla, sem innihalda meira en 10% af viðbættu fjölkalkóhóli sem er leyft skv. II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, að innihalda lögboðnu yfirlýsinguna „mikil neysla vörunnar getur haft hægdalosandi áhrif“ í samræmi við III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 ⁽⁵⁾.

- 7) Af þessu leiðir að rétt þykir að leyfa notkun á fjölkalkóhóli sem sætuefni í tiltekna orkuskerter vörur sem um getur í fyrsta málslið 3. forsendu í matvælaundirflokki 05.2 „Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“ eftir þörfum.
- 8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

VIÐAUKI

Eftirfarandi færslu er bætt við í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í matvælaflokki 05.2 „Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“, á eftir færslunni fyrir IV. flokk, „Fjölalkóhól“, sem eru leyfð með takmörkuninni „Einungis kristölluð aldin sem eru orkuskert eða án viðbætts sykurs“:

	„IV. flokkur	Fjölalkóhól	<i>eftir þörfum</i>		einungis hart sælgæti og sleikibrjóstsýkur, seigt sælgæti, ávaxtahlaup og frauðsykurvörur/sykurpúðar, lakkrís, núggat, marsipan, smátöflur sem gefur frískandi andardrátt og bragðsterkar hálstöflur, sem gefa frískandi andardrátt, orkuskert eða án viðbætts sykurs“
--	--------------	-------------	---------------------	--	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------